

Nd.

133. Frumvarp til laga

[69. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í stað 1. málsg. 2. gr. laganna komi fimm nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita lækna, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, sem læknaeild Háskólans setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi þessu skal lokið við sjúkrahús hér á landi, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, en ráðherra getur þó, að fengnum tillögum læknaeildar Háskólans, heimilað að því sé lokið við erlent sjúkrahús.

Landlæknir ráðstafar námsvist kandidata samkvæmt reglum, er hann setur í samráði við læknaeild Háskólans og Læknafélag Íslands.

Kandidatar skulu við framhaldsnámið hafa almenn lögkjör opinberra starfsmanna. Þeir skulu taka hámarkslaun samkvæmt 8. fl. launalaga.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi sem svivirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknaeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær, sem í lagafrumvarpi þessu eru ráðgerðar á gildandi lögum er að finna í 2.—4. efnismálsgreinum 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. málsg. er það nýmæli, að framhaldsnámi læknakandidata, sem er skilyrði fyrir því, að þeir geti hlotið lækningaleyfi skuli lokið við sjúkrahús hér á landi, sem fullnægir skilyrðum, sem nánar verði tilgreind í reglugerð. Fjölgað hefur þeim sjúkrahúsum hér á landi, þar sem skilyrði eru til þess að kandidatar geti hlotið þá margþættu æfingu, undir leiðsögn hinna hæfustu lækna, sem gerð er að skilyrði fyrir almennu lækningaleyfi. Lang algengast er að það framhaldsnám sé stundað hér á landi, en þó er veitt heimild til að leyfa að því verði lokið við erlent sjúkrahús, enda er þá einnig nauðsynlegt að tryggð verði, að slíkt sjúkrahús fullnægi þeim kröfum sem gerðar verða samkvæmt framansögðu.

Í 3. málsg. er landlækni falið að ráðstafa námsvist kandidata. — Fyrr á árum, er læknakandidatar voru færri og vart nema um eitt sjúkrahús að ræða sem veitti þeim framhaldsmenntun, var lítil þörf á sérstakri yfirstjórn á ráðstöfun námsvistar, en nú hefur orðið á þessu veruleg breyting, bæði að því er varðar sjúkrahúsin og fjölda kandidata. — Hafa læknakandidötum stafað óþægindi af skipulagsleysi í þessu efni og er nauðsynlegt að úr verði bætt.

Þá er í 4. málsg. settar reglur um kjör kandidatanna við framhaldsnámið. Þau hafa fram að þessu farið eftir samningum, sem nú um skeið hafa komið til endurskoðunar árlega og hafa stéttarsamtök lækna fjallað um þá samninga fyrir kandidatanna hönd. Sú óvissa, sem orsakast hefur af þessu um störf og starfsháttu kandidatanna, er jafnframt nauðsynlegu framhaldsnámi sínu gegna mikilsverðum störfum á sjúkrahúsunum, hefur verkað mjög truflandi á störf sjúkrahúsanna og raunar framhaldsnám kandidatanna. Hafa allir aðilar, sem um hafa fjallað, verið óánægðir með þetta fyrirkomulag og varð um það samkomulag í viðræðum á s. l. hausti, að festa þá skipan sem hér er gerð, og eru þar ráðgerð fastalaun kandidatanna hin sömu og þeir hafa samkvæmt fyrri samningum. Um önnur starfskjör er þá gert ráð fyrir að fjallað verði eftir reglum þeim, sem um opinbera starfsmenn gilda að lögum.